

af því marka hve misjafnt menn dæma um sama hlut, og hve fegurðar ímyndin er breytileg hjá mismunandi mönnum.

Se n annað d e ni m etti benda á hvað felst í orðunum fagur maður, og athuga hvað útheimtist til þess að einn eða annar geti talist fagur maður. Þar kemur fyrst og fremst til greina vaxtarlag, að það sé í fögrum og réttum hlutföllum. Hálsstuttur maður kloflangur, eða hállssangur maður og hálsgrannur en kúluvaxinn ysírum sig, getur alls ekki talist fagur maður állits hversu frítt sem andlitsfallið kann að vera. Jafnvel sunir menn, sem frekar mætti teljast ófrídir, ef tillit væri tekið til andlitsins eins, geta verið fagrir og gjörvulegir, og það ekki að litlu leytti. Skáldið Tegner lýsir líkamlegri fegurðarímynd, þegar hann talar um Blástakka Karls tólfta: — „Hávaxnir grannir glæsimenn, sem grenitrén á Svíafoldu“. En svo nær engin maður fegurðartakmarkinu, þótt hann hafi sagian líkama, ef ásýnd hans ber engan svip, augun endurspeglar enga sál, orð og málfæri ber engan vott um skynsemi og vit. Og þótt þess sé ekki vant, þá vantar samit mikil að enn og það er upplag og innræti. Það er ekki nóg að maðurinn sé skynsamur þorpari, Hans andlega tilveru hlið er þá ljót og ófullkomin. Maðurinn er margbrötn vera og allir þeir eiginleikar, sem gera hann að manni, verða að vera í réttum hlutföllum til þess að persónan sjálf geti heitið fögur. Fullkomin líkami, fullkomin sál, fullkomin síðferðis meðvitund, fullkomin einvróð og réttlætis tilfinning, nær fegurðarhugsjóninni nokkuðneginn, sem í orðinu býr, „að vera maður“.

Sömuleiðis fögur kona eða stúlka er ekki sú, sem bezt hefir mentast í enskum vistum, eða sú sem er með tilgerð í fasi eða tali, lagar til líkamsvöxt sinn með krínólsnu eða bol svo að hún er annað veifið eins og útþanin skjóða og hitt veifið eins og samanþind þvottaklemma, vegna þess, að það er öllum mannlegum vexti óeðlilegt. Fegurðar hugsjónin heimtar eðlilegheit í öllum búningi og látbragði eins og sú hugsjón er á meðal síðaðra þjóða. Mörg líkamslýti má mikil bæta upp með eðlilegri látlausri framkomu, og glaðvakandi viti. Eitt orð, eitt skýrt og djarfmannlegt upplit, augu, sem bera vott um að